

Hvað er RMF?

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
gudrunthora@rmf.is



Rannsóknamiðstöð ferðamála



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



S A F

FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

Samningur

Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um

Ferðamálaasetur Íslands

Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands gera með sér svofelldan samning um sameiginlegt verkefni undir heitinu Ferðamálaasetur Íslands:

Samningsaðilar hafa sameiginlega hagsmuni af því að samnýta aðstöðu og færni hvor annars, efla rannsóknir og menntun, tengsl háskólastarfs og atvinnulífs, og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamálum.

Til að ná ofangreindum markmiðum munu Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri:

1. Starfrækja sameiginlega Ferðamálaasetur Íslands, sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum, einu nafni ferðamálafræðum.

2. Markmið Ferðamálaaseturs Íslands eru:

- a) að efla og samhæfa rannsóknir í ferðamálum á Íslandi;
- b) að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði ferðamála;
- c) að gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum;
- d) að veita upplýsingar og ráðgjöf í ferðamálafræðum;
- e) að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum.

3. Rektorar háskólanna tilnefna hvor um sig tvo menn í stjórn samstarfsverkefnisins og tvo til vara til þriggja ára í senn. Auk þess óska þeir eftir því að Ferðamálaráð, Samtök ferðapjónustunnar og Hólaskóli tilnefni hver sinn fulltrúa í stjórnina. Stjórnin ræður forstöðumann verkefnisins til þriggja ára í senn og setur honum erindisbréf.

Ferðamálaasetur Íslands stofnsett



Ferðamálaasetur Íslands stofnsett


Kristinn Ingvarsson

Gert í Reykjavík 4. september 1999

F. h. Háskólans á Akureyri

F.h. Háskóla Íslands


Þorsteinn Gunnarsson rektor


Páll Skúlason rektor

SAMNINGUR

Háskóla Íslands, Hólaskóla – Háskólans á Hólum og Háskólans á Akureyri um

Rannsóknamiðstöð ferðamála

1. Aðilar samnings og tilgangur samstarfs

Háskóli Íslands (hér eftir HÍ), Háskólinn á Hólum (hér eftir HH) og Háskólinn á Akureyri (hér eftir HA) gera með sér samning um sameiginlegt verkefni undir heitinu Rannsóknamiðstöð ferðamála (hér eftir RMF), sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum, einu nafni ferðamálafræðum.

Samningsaðilar hafa sameiginlega hagsmuni af því að samnýta aðstöðu og færni hver annars til þess að efla rannsóknir og menntun, auka tengsl háskóla og atvinnulífs, og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamálum.

2. Markmið Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

Markmið Rannsóknamiðstöðvar ferðamála eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna varðandi kennslu og rannsóknir
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
- gefa út fræðirit og kynna niðurstöður rannsókna í ferðamálafræðum
- gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum
- stuðla að eflingu rannsóknartengds framhaldsnáms á sviði ferðamála.

3. Stjórn

Rektorar HÍ og HA tilnefna hvor um sig tvo menn í stjórn RMF og rektor HH einn. Að auki óska þeir eftir því að Ferðamálastofa og Samtök ferðaþjónustunnar tilnefni hvor sinn fulltrúa í stjórnina. Stjórnin kys úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfundi. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi, ræður atkvæði formanns.

Stjórn ákveður rannsóknarstefnu RMF, samþykkir ársskýrslu, ársreikning og starfsáætlun og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

Nýasti samningurinn



Fjármögnun (skv. samningi)

5. *Fjármál, aðstaða o.fl.*

Tekjur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála eru eftirfarandi:

- framlög frá samningsaðilum, skv. samkomulagi
- framlög frá öðrum aðilum
- styrkir til einstakra verkefna
- greiðslur fyrir umbeðin verkefni



Starfsstöðvar RMF

Heimilisfang RMF á Akureyri:

Borgir v/Norðurslóð (7. hæð)
600 Akureyri



Heimilisfang RMF í Reykjavík:

Nýi Garður, (NG-211)
Sæmundargötu 12
101 Reykjavík



Helstu verkefni 2018



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

UM RMF RANNSÓKNIR UPPLÝSINGAR



©Tarrig Hossein

FRÉTTIR & TILKYNNINGAR

› **Ný rannsókn á söguferðapjónusta á Norðurlandi**
05.04.2019



Rannsóknamiðstöð ferðamála og Markaðsstofa Norðurlands skrifuðu nýverið undir samning um nýja rannsókn á söguferðapjónustu á Norðurlandi.

LESA MEIRA

FRÉTTIR AF FERÐAMÁLUM

09.04.2019 | Ferðamálastofa
Áfangastaðaaætlun Reykjaness birt

09.04.2019 | Ferðamálastofa
Nýtt í Mælaborðinu ? Fyllri upplýsingar um flugmál

08.04.2019 | Ferðamálastofa
TIL mikils að vinna með auknu norrænu samstarfi

08.04.2019 | Ferðamálastofa
Öryggisáætlanir fyrir allar ferðir

04.04.2019 | Saf
Lífskjarasamningurinn 2019-2022

› Rannsóknir á ráðstefnumörkuðum

01.04.2019



Hver er staða rannsókna á íslenska ráðstefnumarkaðnum og hvernig er rannsóknunum á erlendum

- Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu
- Ferðahegðun erlendra ferðamanna
- Kjör og aðstæður erlends vinnuafls í ferðapjónustu
- Starfsánægja í ferðapjónustu
- Rannsóknir á ráðstefnumörkuðum
- Áfangastaðurinn Norðurland
- Skemmtiferðaskip á Akureyri - farþegakönnun
- Áhrif Suðurnesjalínu 2 á ferðapjónustu og útivist
- Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna
- Hvalaskoðun, sjálfbærni og samfélagsábyrgð
- Ferðapjónusta í þjóðgörðum
- Viðhorf ferðamanna í flugi KEF-AK

Helstu verkefni frh.

- **Managing visitors in Iceland's recreational areas:** Málstofa á ráðstefnunni *Monitoring and Management of Visitors in Recreational and Protected Areas* (MMV 9) en þema ráðstefnunnar sem haldin var í Frakklandi var stjórnun útivistarsvæða og verndaðra svæða
- **Tourism employment – current challenges and opportunities:** Málstofa á 27. ráðstefnunni Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research haldin í Noregi
- **Vinnustofa um málefni vinnuafls í ferðaþjónustu** haldin í HÍ
- + málstofur á Þjóðarspegli, Hrunið þið munið, ofl.



Helstu verkefni frh.

- Rannsóknarhópur um vinnuafli í ferðapjónustu
- Norrænt samstarfsnet um skemmtiskiparannsóknir (NCRN)
- Ferðamennska og vernduð svæði (TPN – Nord)
- + þátttaka í ýmsum fleirum verkefnum
- Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF




Hvar á RMF að vera?
Hvað á RMF að gera?




Framtíðarsýn og stefnumótun

1. RMF - stefna - skipulag - samstarf - 3. Menntun, mannauður, þekking og gögn



2. Starfsskilyrði, fjármögnun, stoðkerfi og pólitísk sýn



Skýring við mynd:

Hringirnir tákna hugmyndir að verkefnum sem framkomu í stefnumótunarferlinu.

Mismunandi þvermál endurspeglar mismunandi kostnað/tíma í framkvæmd:

- Lítið þvermál = undir 1 Mkr
- Meðal stór = 1 < 5 Mkr
- Stór = yfir 5 Mkr.

Litur hringanna endurspeglar forgangsöröðun

stefnumótunarhópsins (á skalanum 0-10 (10 hæsti))

- Dokk grænn = yfir 8,0
- Líjósgrænn = 6,0-8,0
- Gulur = 4,5-6,0
- Orange til rauður = undir 4,5

Ályktun aðalfundar stjórnar RMF haldinn á Hólum 13. 03.18

Stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF) brýnir stjórnvöld til þess að stórauka framlög til rannsókna í ferðamálum. Ferðapjónusta er gríðar mikilvæg atvinnugrein fyrir íslenskt samfélag og brýnt að þekking á eðli hennar og áhrifum eflist til muna. Rannsóknir eru forsenda skynsamlegrar auðlindanýtingar. Náttúra og samfélag eru auðlindir ferðapjónustunnar og áriðandi er að þessari nýju nýtingu auðlinda sé stýrt með þekkingu að leiðarljósi. Sú þekking er ekki til staðar, rannsóknir á eðli og áhrifum ferðamennsku hér á landi eru rétt að skríða af stað. Við erum með ofurviðkvæmar auðlindir í höndunum, sem geta orðið helsta tekjulind þjóðarinnar til frambúðar, ef – og aðeins ef – rétt verður að málum staðið. Til þess verður að stórefla rannsóknir án tafar. Við verðum að skilja hvernig við getum hámarkað arð þjóðarinnar til langs tíma með minnstum neikvæðum áhrifum á auðlindina.

Stjórn RMF hvetur því til þess að gert sé átak í fjármögnun rannsókna og sett verði á fót sérstök Markáætlun í ferðamálum með skilgreindum áherslum.



